

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Bifrost, 31. mars 2019

Ályktun íslenskra stúdenta um úthlutunarreglur LÍN fyrir skólaárið 2019-2020

Ályktun þessi var samþykkt á landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta – LÍS árið 2019 þar sem tæplega 60 stúdentafulltrúar frá öllum háskólum á Íslandi sem og Sambandi íslenskra námsmanna erlendis komu saman. Landsþing LÍS fer með æðsta ákvörðunarvald samtakanna.

Í janúar síðastliðnum vöktu stúdentar athygli á kröfum sínum í herferð undir yfirskriftinni „Stúdentar mega ekki hafa það betra – stúdentar þurfa líka að lifa af laununum sínum“ þar sem lögð var megináhersla á hækkun grunnframfærslu og frítekjumarks. Jafnframt hafa stúdentar ítrekað sett kröfur sínar fram og komið þeim áleiðis til stjórnvalda.

Stúdentar fagna árangri með hækkuðu frítekjumarki í breyttum úthlutunarreglum LÍN fyrir skólaárið 2019-2020. Þetta er afrakstur mikillar vinnu stúdenta og sameinaðrar raddar þeirra og því jákvætt framfaraskref. Á sama tíma er aðeins komið að hluta til móts við kröfur stúdenta og eru það vonbrigði að ekki hafi verið tekið tillit til annarra krafna eins og hærri grunnframfærslu með endurreiknuðum húsnæðisgrunni og ferðalána stúdenta sem stunda nám erlendis. Mikilvægt skref hefur verið tekið í átt að bættum kjörum stúdenta en nauðsynlegt er að haldið verði áfram á þeirri vegferð í takt við áherslur og kröfur stúdenta.

Tilfni er til þess að áréttu að munur er á annars vegar úthlutunarreglum og hins vegar lögum um LÍN sem eru í endurskoðun. Verði hugmyndir mennta- og menningarmálaráðherra um nýtt lánasjóðskerfi að veruleika, meðal annars um niðurfellingu á hluta lána að loknu námi, standa úthlutunarreglur þó óbreyttar þannig að kjör stúdenta á meðan námi stendur breytast ekki með nýju lánasjóðskerfi. Af þeim sökum vilja stúdentar hvetja ráðherra til að koma enn frekar til móts við kröfur stúdenta þegar tekin er ákvörðun um úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2020-2021.

Með hliðsjón af áherslum stúdenta í nýafstaðinni herferð undirstrika stúdentar eftirfarandi:

Frítekjumark

Stúdentar fagna því að frítekjumark sé hækkað í 1.330.000 kr. en það hefur verið 930.000 kr. síðan árið 2014. Frá þeim tíma hafa laun að meðaltali hækkað um 43%. Árið 2017 fóru um það bil 70% lánþega LÍN yfir frítekjumarkið og fengu því skerta framfærslu frá LÍN. Meðaltekjur lánþega voru það ár 1.478.000 kr. og miðgildi þeirra tekna 1.333.000 kr. Ljóst er því að hækkun frítekjumarks í nýjum úthlutunarreglum er eðlileg og löngu tímabær.

Skerðingarhlutfallið var hækkað í 45% árið 2014 svo hægt væri að hækka frítekjumarkið þrátt fyrir niðurskurðarkröfu sem þá lá á sjóðnum. Sú aðgerð átti að vera tímabundin til að bregðast við þáverandi ástandi og því með öllu óásættanlegt að fimm árum síðar sé ekki enn búið að lækka skerðingarhlutfallið aftur niður í 35%. Óásættanlegt er að lán stúdenta skerðist um 45 krónur fyrir hverjar þær 100 krónur sem teljast til skattstofns og fara yfir frítekjumark. Þá er vert að nefna að ekki einungis laun teljast til frádráttar heldur einnig aðrar tekjur líkt og fæðingarstyrkur stúdenta. Einnig er gagnrýnivert að ekki hafi verið gerðar breytingar á frítekjumarki eftir námshlé en það hefur verið krafa stúdenta að eftir námshlé megi sækja um fimmföldun frítekjumarks í stað þreföldunar eins og nú er.

Grunnframfærsla

Það er stúdentum mikil vonbrigði að framfærslan standi í stað í nýjum úthlutunarreglum og enn fremur að hún taki ekki mið af verðlagsbreytingum sem er í raun ígildi lækkunar þar sem óbreytt krónutala á framfærslu felur í sér lækkun á kaupmætti. Stúdentar hafa farið fram á að grunnframfærsla LÍN sé endurskoðuð og að markvisst verði unnið að því að hækka framfærslu í samræmi við framfærslu annarra samfélagshópa, sem og lágmarkslaun. Það er grundvallarkrafa að tekið sé tillit til verðlagsbreytinga á milli ára. Búa þarf þannig um hnútana að stúdentar geti bæði lært og lifað en séu ekki nauðbeygðir til þess að vinna með námi.

Húsnæðisgrunnur grunnframfærslu

Stúdentar gera alvarlega athugasemd við það hvernig sjóðurinn reiknar húsnæðisgrunn stúdenta en hann er 75.276 kr. fyrir einstakling í leigu- eða eigin húsnæði og er gert ráð fyrir því að allir lánþegar sækji og fái hámarkshúsnæðisbætur við útreikning, sem óneitanlega veldur skekkju. Það er ekki ásættanlegt að gert sé ráð fyrir þessum bótum í ljósi þess að samkvæmt 2. gr. laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016 er markmið þeirra að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda. Það markmið næst ekki ef gert er ráð fyrir þeim í útreikningi á lágmarksframfærslu LÍN. Þvert á móti geta slíkir útreikningar valdið íþyngjandi stöðu fyrir þá lánþega sem þiggja ekki hámarks húsnæðisbætur líkt og þeir sem ekki eru í stúdentaíbúðum, þar sem framfærsla LÍN myndi þá ekki duga fyrir leigukostnaði. Þess má geta að einungis tæp 10% stúdenta á höfuðborgarsvæðinu komast að á stúdentagörðum og er vegið meðalleiguverð einstaklingsíbúða og herbergja þar 90.240 kr. Stúdentar gera athugasemd við þær upplýsingar sem húsnæðisgrunnurinn er byggður á og telja þörf á að hann verði endurreiknaður og hlutdeild stúdentagarða verði vegin inn í meðaltalið á móti almennum leigumarkaði.

Umfram kröfur herferðarinnar leggja stúdentar einnig áherslu á að enn hefur ekki verið komið til móts við kröfur stúdenta varðandi eftirfarandi:

Námsmenn erlendis

Í greinargerð með úthlutunarreglum fyrir skólaárið 2019-2020 kemur fram að fyrir næsta skólaár verði horft til þess hver framfærslan yrði hjá sjóðnum ef sama fyrirkomulag yrði tekið upp og notast er við á hinum Norðurlöndunum, það er að láta framfærslu í heimalandi gilda fyrir öll námslönd. Stúdentar lýsa yfir áhyggjum við slíka tillögu enda ótækt að bera framfærslu LÍN saman við þá sem er á hinum Norðurlöndunum þar sem íslenska krónan er óstöðugur gjaldmiðill. Stúdentar erlendis semja margir við banka um yfirdráttarlán til framfærslu í upphafi annar þar til

lán er greitt út frá LÍN, eftir að hafa uppfyllt lágmarks námsframvindukröfur. Þá geta þeir lent í þeirri aðstöðu að skulda banka vegna óhagstæðra gengisbreytinga auk almenns vaxtamismunar.

Stúdentar hafa kallað eftir endurskoðun á framfærslu íslenskra námsmanna erlendis í samráði við stúdenta enda þarf framfærsla að vera í takt við raunverulegar aðstæður þeirra hverju sinni. Einnig þarf að ráðast í endurskoðun á skólagjaldalánum íslenskra námsmanna erlendis.

Nýjustu upplýsingar sem liggja fyrir hvað það varðar eru frá árinu 2015 og gefa því ekki lengur rétta mynd af þörfum íslenskra námsmanna erlendis. Það er samfélaginu öllu til hagsbóta að nám erlendis sé eftirsóknarverður og mögulegur kostur fyrir alla, óháð efnahag.

Gefa þarf greiðendum námslána erlendis svigrúm til þess að senda staðfestar upplýsingar um tekjur sínar á síðastliðnu ári til LÍN. Einnig þarf LÍN að ráðast í greiningarvinnu á því hvaða frestur hentar greiðendum eftir því í hvaða löndum þeir eru búsettir.

Ferðalán

Stúdentar lýsa yfir vonbrigðum með að ekki hafi verið samþykkt að stúdentar í námi erlendis fái lánað fyrir ferðalögum fram og til baka einu sinni á hverju ári. Í núverandi reglum fá stúdentar erlendis aðeins lán fyrir einni ferð út og annarri ferð heim meðan á öllum námsferlinum stendur. Stúdentar erlendis hafa oft ekki tækifæri til að stunda atvinnu í því landi sem þau stunda nám í og neyðast því til að fljúga til Íslands til vinnu þar sem einungis er lánað fyrir framfærslu stúdenta í ný mánuði á ári.

Lágmarksframvindukröfur og lánshæfar einingar

Stúdentar ítreka gerðar kröfur um að lækka lágmarksframvindukröfur LÍN úr 22 einingum í 18 einingar á önn, líkt og áður var. Jafnframt að lánshæfum einingum fjölgi úr 480 einingum í 600 einingar þar sem mikilvægt er að stúdentar njóti svigrúms til að stunda fjölbreytt nám.

Lokaorð

Fækkun lánþega undanfarin ár er skýr birtingarmynd þess að LÍN þjónar ekki lengur hlutverki sínu sem félagslegur jöfnunarsjóður. Stúdentar hafa fyrir vikið þurft að grípa til annarra ráða til að framfleyta sér. Menntun er grundvallarstoð atvinnu og nýsköpunar í landinu og nauðsynlegt er að aðgengi allra þjóðfélagshópa sé tryggt, óháð bakgrunni og aðstæðum, svo fjölbreytileiki stúdenta sé sem mestur. Það er samfélaginu til bóta að tryggja að hver og einn geti sinnt námi sínu af skilvirkni og festu. Kröfur stúdenta eru til þess gerðar að sjóðurinn þjóni því hlutverki sem honum var upphaflega ætlað. Vilji mennta- og menningarmálaráðherra standa við gefin loforð um besta lánaþjóskerfi á Norðurlöndunum eru kröfur stúdenta varðandi úthlutunarreglur skýrar.